



## Aðalfundur

Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Aðalfundur FEB var haldinn miðvikudaginn 28. feb. 2018 í húsakynnum félagsins að Stangarhyl 4 . Fundurinn hófst kl. 15:30 og var vel sóttur að venju.

Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf.

- 1.** Formaður félagsins, Ellert B. Schram, setti fundinn og skipaði Guðrúnu Ágústsdóttur fundarstjóra. Guðrún Árnadóttir var skipuð fundarritari.
- 2. Skýrsla stjórnar.** Formaðurinn, Ellert B. Schram flutti skýrslu stjórnar og sagði frá því helsta sem væri á döfinni hjá félaginu. Félagsmönnum fjölgar ört og eru nú rúmlega 11.400 talsins. Félagsstarfið er afar fjölbreytt og vel sótt nánast í öllu sem í boði er. Þá lýsti hann kjarabaráttunni og þeirri þrautagöngu, sem hann, framkvæmdastjórinn og stjórnarmenn hafa oft átt í á undanfögnu ári, þó auðvitað hafi þó nokkuð áunnist í hagsmunamálum þessa aldurshóps. Formaður er samt bjartsýnni um framhald baráttunnar eftir nýlegan fund hans og allrar stjórnarinnar með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, þar sem lögð var fram tillaga um samvinnu í málefnum aldraðra þar sem aðaláherslan er lögð á að bæta kjör þeirra sem lakast hafa það. Stofnuð verði nefnd beggja aðila og vinnu hennar sett ákveðin tímamörk. Tillagan verður væntanlega tekin fyrir strax í næstu viku. Þá sagði hann að fyrirhugað væri að bjóða öllum þeim ókeypis aðild að félaginu, sem væru komnir á aldur og hefðu ekkert sér til framfæris nema greiðslur frá Tryggingastofnun. Hann þakkaði síðan stjórn, starfsmönnum og sjáfboðaliðum fyrir alla þeirra vinnu og framlag í þágu félagsins.
- 3. Ársreikningar 2017 og fjárhagsáætlun 2018.** Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri FEB, fór yfir ársreikning 2017 og rekstraráætlun félagsins fyrir 2018. Fjárhagsstaðan er mjög góð og algjör viðsnúningur hefur átt sér stað í fjármálum félagsins. Gísli sagði, að með slíka stöðu í huga væri stefnan að minnka álagningu á alla starfssemi félagsins, þannig að tekjur gætu dregist eitthvað saman á ýmsum starfsliðum.

4. Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt einróma. Ársreikningur og rekstraráætlun borin upp og samþykkt án athugasemda.
  5. **Kosningar.** Úr stjórn gengur Hrafn Magnússon samkv. lögum félagsins eftir fjögurra ára stjórnarsetu. Áður voru hættir á stjórninni, á síðasta tímabili, þeir Helgi Pétursson og Guðmundur Gunnarsson. Í stað þeirra voru kosnir samkvæmt tillögum frá uppstillingarnefnd þeir Finnur Birgisson og Þorbjörn Guðmundsson í aðalstjórn og Kári Jónasson í varastjórn.
  6. **Kosning skoðunarmanna.** Þar voru kosnir Kristinn Zimsen og Ólafur Gränz. Til vara Brynjólfur Sigurðsson.
  7. **Afgreiðsla tillagna og erinda.** Engar tillögur né lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
  8. **Árgjald 2018.** Samþykkt óbreytt árgjald frá 2017, þ.e. kr. 4.200.
  9. **Önnur mál.** Formaður afhenti Hrafn Magnússyni fráfarandi stjórnarmann blómvönd frá félaginu með þakklæti fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, form. LEB, sagði frá störfum Landssambandsins, en þar er um ærin störf að ræða og mörg verkefni. Hvatti til samstarfs allra félaga innan sambandsins í þeirri vinnu.
- Nokkrar fyrirspurnir komu fram varðandi byggingaframkvæmdir félagsins að Árskógum 3. Stefán Benediktsson úr bygginganefnd varð fyrir svörum og sýndi myndir af framkvæmdunum. Fyrirhugað að halda fund á næstunni með áhugasömum kaupendum, sem eru samkv. síðustu skrá tæplega 400 talsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.45

Guðrún Árnadóttir